

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni um skattlagningu lífeyristekna.

1. Hvernig er skattlagningu á lífeyri háttað hér á landi samanborið við skattlagningu lífeyristekna annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi og Hollandi?
2. Hvað aðgreinir skattlagningu lífeyris í þessum löndum?
3. Að hvaða leyti er lífeyrir skattfrjáls í þessum löndum, svo sem vegna persónuafsláttar eins og á Íslandi?

Lífeyriskerfi landa eru í eðli sínu mismunandi og ólík að uppbyggingu. Á það við um fyrirkomulag fjármögnunar, réttindaávinnslu, samspil almannatrygginga við almenna lífeyrissjóði og ótal fleiri þætti. Kerfin eiga það sameiginlegt að meginhlutverk þeirra er að tryggja afkomu og framfærslu eftir að atvinnuþátttöku og reglulegum launatekjum sleppir, allt til dánardægurs. Að sama skapi er skattlagning lífeyristekna mismunandi eftir löndum.

Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar hér á landi sem tekjur við útgreiðslu og bera sömu skatt- hlutföll og aðrar tekjur. Það sama á við á öðrum Norðurlöndum, Bretlandi og Hollandi. Við samanburð á skattlagningu lífeyris milli landa er gjarnan horft til þriggja þátta:

- a. skattlagningar á iðgjöldum í lífeyrissjóði,
- b. skattlagningar á ávöxtun lífeyrissparnaðar og
- c. skattlagningar lífeyrisgreiðslna.

Hér má sjá töflu sem dregur þessar upplýsingar saman fyrir þau lönd sem spurt er um. Taflan er unnin upp úr samantekt frá OECD frá árinu 2021 og ber heitið *Financial incentives for funded private pension plans, OECD country profiles 2021*, en ítarlegar upplýsingar um skattlagningu lífeyrissparnaðarleiða í aðildarríkjum OECD er að finna í skýrslunni. Ráðu- neytið býr ekki yfir upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar vegna lífeyristekna í öðrum löndum.

	Tegund lífeyris- sparnaðar	Greiðendur iðgjalda	Skattskylda		
			Iðgjöld	Ávöxtun	Lífeyrisgreiðslur
Bretland	Allar tegundir	Allir	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld en undanþegið að hluta
Danmörk	Ellisparnaður	Allir	Skattskyld	Skattskyld 15,3%	Ekki skattskyld
	Annar sparnaður	Allir	Ekki skattskyld	Skattskyld 15,3%	Skattskyld
Finnland	Valfrjáls einstak- lingssparnaður	Einstaklingur	30% skattafsláttur	Ekki skattskyld	30%–34% skattlagning
	Annar sparnaður	Allir	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld
Holland	Allar tegundir	Allir	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld
Ísland	Allar tegundir	Allir	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld

	Tegund lífeyris- sparnaðar	Greiddendur iðgjalda	Skattskylda		
			Iðgjöld	Ávöxtun	Lífeyrisgreiðslur
Noregur	Starfstengdur lífeyrissparnaður	Einstaklingur	Skattskyld en undanþegið að hluta	Ekki skattskyld	Skattskyld
	Starfstengdur lífeyrissparnaður	Vinnuveitandi	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld
	Einstaklings- lífeyrissparnaður	Einstaklingur	Skattskyld en undanþegið að hluta	Ekki skattskyld	Skattskyld en undanþegið að hluta
	Starfstengdur lífeyrissparnaður sjálfstæðra atvinnurekenda	Einstaklingur	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld
Svþjóð	Viðbótarsparnaður (premium pension)	Einstaklingur	Ekki skattskyld	Ekki skattskyld	Skattskyld
	Annar lífeyrissparnaður	Allir	Ekki skattskyld	Skattskyld 15%	Skattskyld

<https://www.oecd.org/finance/private-pensions/Financial-Incentives-for-Funded-Pension-Plans-in-OECD-Countries-2021.pdf>

4. Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða skattlagningu lífeyris á Íslandi? Ef já, hvernig þá? Ef ekki, hvaða röksemdir eru fyrir því að gera það ekki?

Ráðherra hefur nýverið skipað nefnd með fulltrúum frá öllum helstu bandalögum og samtökum á vinnumarkaði og nokkrum ráðuneytum um gerð grænbókar um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins. Vonir standa til að grænbókin geti orðið grundvöllur að ítarlegri stefnumörkun og undirbúningi að breytingum á þeim lagaramma sem Alþingi setur um lífeyrismál og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verkefni starfshópsins er að greina stöðu og framtíð lífeyrissjóðakerfisins með heildstæðum hætti og þar skiptir skattlagning bæði lífeyrisiðgjalda og greidds lífeyris vitanlega miklu máli. Í framhaldi af gerð grænbókar verður unnin stefnumörkun um breytingar á lífeyriskerfinu sem ætlað er að verða grundvöllur frumvarps sem lagt verði fyrir Alþingi.

Að endingu má halda því til haga að það skattheimtufrirkomulag sem viðhaft er á lífeyrissparnaði hér á landi fær hæstu einkunn í úttekt Mercer á lífeyriskerfum um allan heim.